# *Nr. 082 / 16 Sunnutindur SU 95*

## *Vélavana og dreginn til hafnar*




Sunnutindur@Arnbjörn Eiríksson

*Skipaskr.nr.* 2670
*Smíðaður:* Mótun 2005, Trefjaplast
*Stærð:* 14,96 bt. 11,96 brl.
*Mesta lengd:* 12,77 m *Skráð lengd:* 11,39 m
*Breidd:* 3,72 m *Dýpt:* 1,52 m
*Vél:* Cummins, 302,4 kW, árg.: 2005
*Fjöldi skipverja:* 4

***Gögn:***
*Gögn RNSA*

*Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í dómsmáli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 11. ágúst 2016 var Sunnutindur SU 95 á línuveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: A 5 m/sek.

Þegar veiðum var lokið og sigla átti í land kæfði vélin á sér og stöðvaðist þegar hún var sett á fulla ferð. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og Öðlingur SU 19 dró bátinn til hafnar á Djúpavogi.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að fæðiolíudælan á vélinni náði ekki upp olíuþrýstingi þar sem driföxullinn í henni var brotinn.

### *Nefndarálit:*

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.